

19 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafs
20. mars Ólafssonar frá Arnarbæli, útgefin á venjulegan hátt að manratum af dóms-
og kirkjumálaráðherra, 20. mars 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Minningarsjóð Ólafs Ólafssonar frá Arnarbæli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Ólafssjóður“. Stofnfje hans er kr. 1000.00. Sjóðurinn er æfinleg eign væntanlegs Landsspítala.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í „aðaldeild“ Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Í næstu 100 ár skulu allir vextir sjóðsins lagðir við höfuðstólinn. Að þeim hundrað árum liðnum skal helmingi vaxta af sjóðnum varið til hjálpar og heilsuþótar fátækum börnum á aldrinum 1—16 ára, eins og nánar er skýrt í 4. gr. En hinn helmingur vaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn. Þegar liðin eru 200 ár frá stofnun sjóðsins, þá skal eftirleiðis upp frá því varið $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu hlutum — vaxtanna fátækum börnum til hjálpar. En $\frac{1}{4}$ — einn fjórði — hluti vaxtanna skal frá sama tíma og jafnan upp frá því lagður við höfuðstólinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum börnum á aldrinum 1—16 ára algerlega kostnaðarlausa dvöl á Landsspítalanum, læknishjálp og meðul. Á sama stendur hvaðan af landinu að börnin eru, sem hjálpar njóta af sjóðnum. Þegar sjóðurinn tekur til starfa, þá skal fara þannig að: Hvert barn, sem styrks nýtur, fær sjerstakt rúm; það heitir „Ólafsrúm“. Á hvert „Ólafsrúm“ skal festa látúnsplötu, og á hana letrað „Ólafsrúm“. „Ólafsrúmum“ skal fjölgað eftir því sem sjóðurinn vex, og árlegur styrkur fer hækkandi. Þegar „Ólafsrúm“ eru orðin á sínum tíma það mörg, að þau fylla eina stofu, þá skal taka eina stofu í byggingu Landsspítalans, og skipa hana tómun „Ólafsrúmum“. Sú stofa skal heita „Ólafsstofa“. Fest skal upp spjald á hentugum stað í herbergi þessu, og á það letrað „Ólafsstofa“. Börn þau, sem styrks njóta af „Ólafssjóði“ kallast í spítalanum „Ólafsbörn“. Stjórn sjóðsins skal veita öllum „Ólafsbörnum“ einhverja hæfilega glaðningu 12. dag júnímánaðar á ári

hverju; sá dagur er fæðingardagur Ólafs sáluga, sem sjóðurinn er stofnaður til minningar um. Sú glaðning skal kostuð af vöxtum sjóðsins, og teljast til spítaladvalar barnanna. **19**
20. mars

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Landlæknir, eða sá, er í framtíð fer með þau störf, sem nú teljast aðalstörf landlæknis, yfirlæknir Landsspítalans og yfirhjúkrunarkona spítalans. Þessi stjórn gerir árlegan reikning sjóðsins og birtir hann í Stjórnartíðindum landsins, úthlutar styrkveitingum og framkvæmir það, sem þörf er á í sjóðsins þarfir.

En þangað til Landsspítali er kominn upp og sú stjórn sjóðsins er komin á laggirnar, sem hjer er gjört ráð fyrir, þá skal stjórn Landsspítalasjóðs kvenna sjá um sjóðinn, geyma viðskiftabók hans við aðaldeild Söfnunarsjóðsins, gjöra árlegan reikning og birta hann, eins og hjer er fyrir mælt.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 12. júní 1921.

Guðríður Guðmundsdóttir. Ólafur Ólafsson.

Auglýsing

um

læknissetur í Grímsneshjaraði.

Með ráði sýslunefndarinnar í Árnessýslu og samkvæmt heimild í lögum nr. 34, 16. nóvember 1907, um skipun læknishjaraða o. fl., er hjermeð ákveðið, að hjeraðslæknirinn í Grímsneshjaraði skuli sitja í Laugarási í Biskupstungnahreppi.

Í dóms. og kirkjumálaráðuneytinu, 21. mars 1922.

Sig. Eggerz.

G. Sveinbjörnsson,

20
21. mars